



# NORÐURÁLSMÓTIÐ

Akranesi

18. - 21. júní 2020



Knattspyrnufélag ÍA stendur árlega fyrir knattspyrnumóti í 7. aldursflokki drengja og fer mótið nú fram í 35. skipti. Mótið hefur fyrir löngu skipað sér sérstakan sess meðal yngstu knattspyrnuíðkenda og er opið öllum knattspyrnufélögum. Mótið fer fram dagana 19. - 21. júní en sú nýjung verður í ár að 18. júní fer fram eins dags mót fyrir drengi í 8. aldursflokki. Alls er von á um 1.500 iðkendum til keppni á Akranesi í þessum tveimur aldursflokkum.

Knattspyrnufélag ÍA mun við mótshaldið fara að leiðbeiningum yfirvalda vegna Covid-19 faraldurins og hefur gert breytingar á skipulagi mótsins sem miðar að því að hólfa mótið niður til að lágmarka alla skörun á milli þátttakenda og fylgdarfólks. Hólfín verða merkt, vöktuð og þess gætt að takmarkanir verði virtar.

Á Akranesi eru 6 stórir knattspyrnuvelli og verður hverjum knattspyrnuvelli skipti í 2 hólf þannig að alls verða 12 hólf á leiksvæðinu og í hverju hólfu verða 2 litlir keppnisvelli eða alls verða keppnisvellirnir 24. Í hverju hólfu verður takmörkun á fjölda fullorðinna og nú er gert ráð fyrir að sú takmörkun verði **100 manns** í júní. Fullorðnum ber að virða **tveggja metra regluna**. Hreinlæti og sóttthreinsun verður haft í öndvegi við allt skipulag mótsins.

## Knattspyrnumótið - Knattspyrna á forsendum barna

### Fim. 18. júní (8. aldursflokkur)

Leikið verður í 5 manna liðum og leikur hvert lið 5 leiki. Hver leikur er 2 x 5 mín. Leikið verður í aðgreindum hólfum þar sem 8 lið verða saman á meðan keppni stendur yfir og hvert keppnislið er því um 3 klst. á leiksvæðinu. Enginn dómari er í 8. flokks mótinu og stjórna þjálfarar keppnisliða leikjunum en eftirlit verður með leikjum af hálfu mótshaldara. Liðin mæta í sitt hólf 10 mín fyrir keppni og yfirgefa hólflið strax þegar öllum leikjum dagsins er lokið. Hægt verður að yfirgefa hólf og koma til baka ef þess þarf t.d. til að fara á salerni. Hlé í 40 mín. verður gert þegar skipt verður um keppnislið í hólfunum. Lið sem ekki eru í keppni eiga að halda sig frá keppnisvæðinu og hið sama á við alla fullorðna áhorfendur sem ekki hafa hlutverk innan keppnishólfa (fylgja keppanda þar). Áætlað að hluti liða hefji leik kl. 12 og ljúki keppni um kl. 14:30 en annar hluti liða hefji leik kl. 15 og ljúki keppni um kl. 17:30.

### Fös. 19. - sun. 21. júní (7. aldursflokkur)

Leikið verður í 5 manna liðum og leikur hvert lið 3 leiki á föstudegi, 5 leiki á laugardegi og 2 leiki á sunnudegi. Hver leikur er 2 x 6 mín. Leikið verður í aðgreindum hólfum þar sem 8 lið verða saman á meðan keppni stendur yfir á hverjum keppnisdegi. Þessi 8 lið eru 2 fjögurra liða riðlar á föstudegi, en ein 8 liða deild á laugardegi og sunnudegi. Liðin mæta í sitt hólf 10 mín fyrir keppni og yfirgefa hólflið strax þegar öllum leikjum dagsins er lokið. Hægt verður að yfirgefa hólf og koma til baka ef þess þarf t.d. til að fara á salerni. Hlé í 30 mín. verður gert þegar skipt verður um keppnislið í hólfunum. Lið sem ekki eru í keppni eiga að halda sig frá keppnisvæðinu og hið sama á við alla fullorðna áhorfendur sem ekki hafa hlutverk innan keppnishólfa (fylgja keppanda þar). Áætlað er að fyrstu leikir mótsins hefjist á föstudegi kl. 12 og því ljúki með síðustu leikjum kl. 13 á sunnudegi. Áætlun um skipulag mótsins má sjá í eftirfarandi töflu:

	Fjöldi leikja á lið	Hópur 1	Hópur 2	Hópur 3
Fös. 19. júní	3	12:00 - 13:30	14:00 - 15:30	16:00 - 17:30
		Hópur X	Hópur Y	Hópur Z
Lau. 20. júní	5	09:00 - 11:40	12:10 - 14:50	15:20 - 18:00
Sun. 21. júní	2	09:00 - 10:00	10:30 - 11:30	12:00 - 13:00

## Setning, skruðganga og kvöldvaka

---

### Setning

Setning 7. flokks mótsins verður föstudaginn 19. júní og hefst með skruðgöngu frá Ráðhúsinu kl. 10:30 að Akraneshöllinni þar sem setningin fer fram. Öllum keppendum er boðið í gönguna ásamt þjálfurum og liðsstjórum.

### Kvöldvaka

Kvöldvaka verður í Akraneshöllinni laugardaginn 20. júní kl. 19:30. Öllum keppendum er boðið, þjálfurum og liðsstjórum. Fullorðnir geta verið í hólfum að baki þátttakendum eins og takmarkanir leyfa. Boðið verður upp á skemmtidagskrá í 30 mín.

## Gisting

---

Keppnisliðum er boðið upp á gistingu í skólum sveitarfélagsins. Skólarnir verða hólfaðir niður til að virða fjöldatakmarkanir. Áhersla verður lögð á hreinlæti og sóttvarnir, t.d. með þrifum á salernum og hvers kyns snertiflötum. Veggspjöld með Covid-19 leiðbeiningum verða settar upp á hverjum stað þar á meðal takmarkanir fullorðinna inn á gististaði. Því verður beint til foreldra að safnast ekki saman á gististöðum í skólum og að keppendur verði þar í stofum í umsjón fararstjóra. Varsla verður í skólum.

Þrjú tjaldsvæði eru í boði á Akranesi á meðan mótið fer fram hjá Byggðasafninu, Garðalundi og Víðigrund/Leynisbraut. Leiðbeiningum yfirvalda sem gefnar verða út um tjaldsvæði verður fylgt. Akraneskaupstaður rekur tjaldsvæði í Kalmarsvík opið almenningi.

## Matur

---

Morgunmatur, hádegismatur og kvöldmatur verður reiddur fram í stórum íþrótt- og skólasölum. Þar er með auðveldum hætti hægt að takamarka fjölda fullorðinna en gert er ráð fyrir að nokkrir fullorðnir fylgi hverju liði og aðstoði. Lögð verður áhersla á hreinlæti og sóttvarnir. Á föstudegi veður kvöldverður, á laugardegi morgun-, hádegis- og kvöldverður og á sunnudegi morgunverður og grill þegar keppni lýkur í hverjum hóp en virða verður fjöldatakmarkanir.

## Afþreying

---

Sundferðir keppenda og opnun Guðlaugar verður skoðuð m.t.t. þeirra reglan sem gilda munu þegar mótið fer fram. Þrif og sótthreinsun verður aukin í búningsklefum.

Hefðbundið kaffiboð fyrir foreldra keppenda á laugardagskvöldi verður felld niður að þessu sinni vegna fjöldatakmarkana.

## Nánari upplýsingar og skráning

---

Eindagi einstaklingsgjalda var seinkað til 15. maí. Þáttökugjald hvers keppanda er 21.000 kr., eftir eindaga mun gjaldið hækka í 22.500 kr. Sjá upplýsingar um greiðslur hér: <http://www.norduralsmot.is/skraning>.

Hlini Baldursson, [hlini@ia.is](mailto:hlini@ia.is), gsm 6916800, veitir frekari upplýsingar og tekur við skráningu á fjölda keppenda sem og upplýsingum um hversu margir áætla gistingu á tjaldsvæði.